



UPPLÝSINGAFUNDUR REKTORS

25. febrúar 2021

JÓN ATLI BENEDIKTSSON, REKTOR



Á DÖFINNI



- Heilbrigðisráðherra hefur gefið út nýja reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar sem tók gildi 24. febrúar
- Helstu breytingar varðandi háskóla:
 - 1 metra fjarlægðarmörk (í stað 2 metra)
 - Allt að 150 manns (nemendur og starfsmenn) mega koma saman í hverju kennslu- eða lesrými
 - Allt að 50 starfsmenn mega koma saman í hverju rými
 - Sé ekki unnt að halda 1 m fjarlægð skal nota andlitsgrímur
 - Sameiginlegir snertifletir í kennslustofum skulu sótthreinsaðir milli nemendahópa
 - Sameiginlegur búnaður og snertifletir skulu sótthreinsaðir a.m.k. einu sinni á dag



NÝ REGLUGERÐ UM TAKMÖRKUN Á SKÓLASTARFI VEGNA FARSÓTTAR



*¹ Tölur í sviga sýna breytingu frá síðasta ári




TRAUST TIL STOFNANA Í FEBRÚAR 2021



- Gríðarlegt tjón, en mikið starf hefur verið unnið við þurrkun allra rýma
- Óháðir matsmenn munu meta orsakir og heildarumfang tjónsins, stefnt er að því að vinna þeirra hefjist á næstu vikum
- Háskólinn vonast eftir góðu samstarfi við Veitur o.fl. hagsmunaaðila og tryggingafélög þeirra svo meiriháttar framkvæmdir geti hafist sem fyrst

EFTIRMÁLAR VATNSFLÓÐS AÐFARARNÓTT 21. JANÚAR



- 
- Engar framkvæmdir hafnar við endurnýjun nema til að koma nauðsynlegum hlutum og öryggisbúnaði í lag til að varna frekara tjóni
 - Aðalrafmagnstafla Gimlis var strax endurnýjuð til að koma rafmagni á bygginguna
 - Verið er að skipta út öryggisbúnaði sem skemmdist í 5 lyftum í Aðalbyggingu, Háskólatorgi og Lögbergi
 - Vinna stendur yfir í kjallara Aðalbyggingar þar sem vatn flæddi undir uppbyggt gólf. Þar hefur gólf verið rífið upp að hluta og mun verða steipt í stað timburgólfsins
 - Útihurðir sem skemmdust í Háskólatorgi eru í pöntun



VELKOMIN
Í HÁSKÓLA ÍSLANDS



AFHENDING PRÓFSKÍRTEINA Í HÁSKÓLABÍÓI 20. FEBRÚAR



- Tækifæri til að kynna gerjuninni í jafnréttismálum í háskólasamfélaginu
- Markmiðið að stuðla að aukinni umræðu, þekkingu og sýnileika jafnréttismála
- Fjallað um jafnrétti í víðu samhengi
- Samstarf allra innlendu háskólanna, á vegum samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa
- Alls 24 viðburðir í ár og kom HÍ að 21 þeirra
- Meðal efnis var reynsla nemenda með innflytjendabakgrunn af háskólanámi, starfsval kynjanna, algild hönnun og aðgengismál, vinnustaðamenning í HÍ, reynslusögur af rasisma, aðkoma karla að kynjajafnrétti og háskólanám á tímum COVID-19



RAFRÆNIR JAFNRÉTTISDAGAR 1.-5. FEBRÚAR





- Háskóladagurinn í ár verður alfarið stafrænn vegna COVID-19
- Samstarfsverkefni allra háskólanna sjö á Íslandi – haldinn í 17. sinn
- Allar grunnnámsleiðir HÍ kynntar á röklega 100 fjarfundum
- Unnt að spyrja um námið og spjalla við fulltrúa allra grunnnámsleiða, nemendur og kennara
- Nýjar námsleiðasiður komnar í loftið eftir rýni og greiningu með betra aðgengi að upplýsingum og tenglum beint inn á fjarfundina
- Nýr vefur Háskóladagsins - www.haskoladagurinn.is – einföld og öflug leitarvél sem einfaldar aðgengi að upplýsingum um allt háskólanám í boði



STAFRÆNI HÁSKÓLADAGURINN 27. FEBRÚAR





- Á stafrænum Háskóladegi verður bein útsending á vísindaspjalli úr Hátíðasal kl. 13.00-15.30
- Vísinda- og fræðafólk frá öllum fræðasviðum HÍ situr fyrir svörum í beinu streymi
- Rætt verður um efni í deiglunni, áskoranir samtímans og rannsóknir í víðum skilningi
- Færi gefst til að varpa ljósi á hina hliðina á vísindamönnunum sem ekki blasir alltaf við



- Hef heimsótt stjórnir fræðasviða, deildir og stjórnáslueiningar í janúar og febrúar
- Mjög gagnlegir og ánægjulegir fundir
- Fundargerðir haldnar og farið yfir niðurstöður og ábendingar í kjölfarið



HEIMSÓKNIR REKTORS TIL FRÆÐASVIÐA OG DEILDA

The background of the slide is a blurred photograph of an interior space, possibly a library or a modern building lobby, with warm lighting. Overlaid on this is the large, semi-transparent logo of the University of Iceland. The logo consists of a circular emblem with a stylized figure holding a staff, surrounded by the text 'UNIVERSITY OF ICELAND' in English and 'HÁSKÓLAHATTI ÍSLANDS' in Icelandic. The text is arranged in a circular pattern around the emblem.

STEFNUMÓTUN FYRIR TÍMABILID 2021-2026



Stýrihópur skipaður í september 2020:

- Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrector kennslumála og þróunar, formaður
- Magnús Þór Torfason, dósent
- Margrét Helga Ögmundsdóttir, dósent
- Ragnhildur Ísaksdóttir, sviðsstjóri mannauðssviðs

Með hópnum starfa:

- Bjarni Snæbjörn Jónsson, stjórnunarráðgjafi
- Andrea G. Dofradóttir, verkefnisstjóri stefnuinnleiðingar



STÝRIHÓPUR STARFAR Í UMBOÐI REKTORS



- Fyrri samráðsfasa er lokið (nóvember til febrúar) – innlegg um viðhorf, áherslur og hugmyndir
- Innlegg í mótun stefnudraga. Samráð með fjölbreyttu sniði og leitast er við að gefa öllum sem áhuga hafa tækifæri til þess að leggja inn efni til skoðunar við mótun stefnunnar
 - Háskólaþing 13. nóvember sl. markaði upphaf fyrri samráðsfasa. Niðurstöður þingsins rýndar og áherslumál greind
 - Rætt í kjölfarið á fundum rektors með stjórnendum, í Stúdentaráði og háskólaráði
 - Samráðsgátt á www.hi.is/stefna kynnt meðal starfsfólks og stúdenta – boðið upp á að senda skrifleg erindi og/eða samráðsfundi með stýrihópi
 - Stýrihópur hefur fundað með stjórnendum fræðasviða og miðlægrar stjórnsýslu, kennslumála- og vísindanefndum háskólaráðs, sem og ýmsum hópum innan HÍ

VÍÐTÆKT SAMRÁÐ Í TVEIMUR MEGINFÖSUM - FYRRI FASI





STEFNURAMMINN MÓTAST Í VÍÐTÆKU SAMRÁÐI

Háskólaping



Samráðsfundi



Skrifleg erindi úr samráðsgátt



Fyrirliggjandi gögn, m.a. QEF, rýni HÍ21



> 250
atriði

4 stefnuáherslur
~50 markmið/aðgerðir

4 stefnuáherslur
x markmið
x aðgerðir

Greining

Nóv. 2020 til feb. 2021

Forgangsröðun – drög stefnu

Feb. til mars 2021





- Seinni samráðsfasi er að hefjast (mars til apríl)
- Rýnifasi samráðs – stefnudrög kynnt, rýnd og ítruð
- Endurgjöf, rýni og umræður meðal stjórnenda um fyrirleggjandi drög að stefnu, auk samráðsgáttar til að fá fram viðbrögð og athugasemdir sem gefa tilefni til endurmats
 - Fyrstu drög nýrrar stefnu lögð fram til umræðu í háskólaráði, í stjórnendateymum, meðal fulltrúa stúdenta og á samráðs- og upplýsingafundum rektors og víðar
 - Drögin kynnt í samráðsgátt til umsagnar



VÍÐTÆKT SAMRÁÐ Í TVEIMUR MEGINFÖSUM - SEINNI FASI



- Lokafasi stefnumótunarvinnunnar (apríl til júní)
- Samþykkt og samstilling
 - Stefnurammi yfirfarinn og endurmetinn í ljósi athugasemda og viðhorfa úr samráði
 - Endanleg stefna ásamt markmiðum og áætlunum lögð fyrir háskólaþing og háskólaráð til umræðu og afgreiðslu
 - Samhliða lögð fram áætlun um innleiðingu stefnunnar og eftirfylgni





NÁM OG KENNSLA



Alþjóðasamskipta	
Fundarbergi	19.000
Nemendaskrá	11.000
Aðgængisbreyting	
Stúdentssetur	
Nám	
Stúdentastarfs	

Alþjóðasamskipta	
Fundarbergi	19.000
Nemendaskrá	11.000
Aðgængisbreyting	
Stúdentssetur	
Nám	
Stúdentastarfs	

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitti fé til verkefnisins
- Gert ráð fyrir að um 15 kennarar verði teknir inn fyrsta árið, þar af 10 frá HÍ
- Kynningarfundur með verkefnisstjóra 1. mars 2021
- Námskeið í umsóknarskrifum: 24. mars og í apríl 2021 (sænskir sérfræðingar)
- Umsóknarfrestur: 25. maí 2021
- Afgreiðsla umsókna 15. ágúst 2021 (norrænir sérfræðingar)



HEIKNIRIT DIJKSTRA

■ Streymisvæðing

- Átta salir í húsakynnum HÍ streymisvæddir til að mæta þörfum skólans
- Veröld, Oddi 101, Askja, Skriða, Bratti, Litla Torg, Hátíðarsalur (uppfærsla), Háskólabíó (í skoðun)

■ Endurskoðun inntökukrafna

- Kennsluvið er í samræðu við fræðasvið um viðbrögð við væntanlegum lagabreytingum þar sem inntökukröfum í háskóla verður breytt – öll próf á þriðja þrepi framhaldsskóla veiti aðgang að háskólanámi

■ Námsumsjónarkerfi

- Allir nota nú sama námsumsjónarkerfið
- Aukin áhersla á ráðgjöf vegna uppsetningar og sniðmát fyrir námskeið



UMBÓTAVERKEFNI Á SVIÐI NÁMS OG KENNSLU





- **Nýtt stundatöflukerfi (Semestry)**
 - Kennslusvið, upplýsingatæknisvið og framkvæmda- og tæknisvið vinna að innleiðingu á nýju stundatöflukerfi
- **Prófaskrifstofa**
 - Til skoðunar er að kaupa Remote Exam til að hafa eftirlit með fjarprófum
- **Aukin rafvæðingu þjónustu**
 - Meiri sjálfvirknivæðing og samstarf við island.is (Nemendaskrá)
 - Sjálvirk viðurkenning á námi (Matsskrifstofa)
 - Stúdentakort í síma nemenda (Þjónustuborð)

UMBÓTAVERKEFNI Á SVIÐI NÁMS OG KENNSLU





- Háskólaráð samþykkti 4. febrúar að skipaður verði fimm manna starfshópur til að greina fyrirkomulag greiðslna fyrir námskeið innan HÍ og móta tillögur um samræmingu útreiknings fjölda stunda á bak við námskeið
- Áður höfðu komið fram ábendingar um þetta frá innri endurskoðanda og í tengslum við gerð kjarasamninga 2019/2020
- Verkefni starfshópsins er að afla upplýsinga um núverandi greiðslufyrirkomulag, bera þær saman, einnig við Norðurlönd, og leggja til skref til samræmingar
- Hópurinn skilar af sér tillögum fyrir árslok



SAMRÆMING GREIÐSLUFYRIRKOMULAGS FYRIR KENNSLU



GÆÐAMÁL





- Gæðamenning er ein af áherslum HÍ21. Uppbygging gæðamenningar er grasrótarstarf sem byggir á almennri þátttöku
- Nánast allar deildir HÍ hafa lokið sjálfsmati. Menntavísindasvið lokar hringnum á komandi haustmisseri
- Hugvísindasvið og Félagsvísindasvið hafa lokið mati á umgjörð rannsóknastarfs og Verkfræði- og náttúruvísindasvið undirbýr nú samskonar mat
- Ytra mat á HÍ í heild á vegum Gæðaráðs háskóla fer fram á netinu fyrstu vikuna í maí – hefur frestast um rúmt ár vegna COVID-19



- Hugarfar stöðugra umbóta
- Frekari uppbygging á formlegu gæðakerfi Háskólans
 - Eitt vottað stjórnkerfi hefur verið innleitt (jafnlaunastaðall) – viðhaldsvottun og úttekt í apríl
 - Úttekt til vottunar á stjórnkerfi öryggis á vinnustað og umhverfismála hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði
- Innleiðing rafrænnar gæðahandbókar – námskeið í boði fyrir starfsfólk
- Innleiðing á eftirfylgni með aðgerðaráætlunum faglegra eininga og stjórnsýslueininga
- Undirbúningur fyrir símat á námsleiðum og umgjörð rannsókna hjá deildum og sviðum í aðdraganda QEF3 (2024-2030)





ALÞJÓÐASTARF





- Hluti af *European Universities Initiative* – flaggskipi Evrópusambandsins til að stuðla að nauðsynlegri framþróun háskóla
- Samstarf sem snýr að kerfislægum breytingum sem ná til alls háskólasamfélagsins
- Einstakt tækifæri til að auka sýnileika HÍ og styrkja stöðu hans á heimsvísu
- Stór hópur innan Háskólans tekur virkan þátt í þessu mikilvæga samstarfi sem hófst formlega í nóvember sl.



Harpa Sif Arnarsdóttir (hsa@hi.is)
ráðin verkefnastjóri í febrúar





- Aurora bandalagið hefur hlotið tveggja milljóna evra styrk úr Horizon 2020, jafnvirði rúmlega 300 milljóna króna til að efla vísindi og nýsköpun innan bandalagsins
- Háskóli Íslands bar ábyrgð á umsóknarferlinu og mun leiða samstarfið
- Gríðarleg tækifæri fólgin í þessu
 - Mótun og innleiðing sameiginlegrar aðgerðaráætlunar
 - Aðgengi að tækni, tækjum, sérþekkingu og stuðningi sem aðrir Aurora-háskólar búa yfir
 - Þjálfun starfsfólks og meiri hagnýting og nýsköpun í þágu heimsmarkmiðanna



STYRKUR TIL AÐ EFLA VÍSINDI OG NÝSKÖPUN





- Kynningar hafnar í deildum svo kennarar þekki og geti nýtt sér tækifærin sem samstarfið býður uppá
- Öflugt samstarf með nemendum hafið undir yfirskriftinni *Aurora Student Championship Scheme*
- Afar mikilvægt að allar deildir HÍ taki virkan þátt svo ávinningur samstarfsins ná til allra
- Hafið samband við verkefnisstjóra Aurora-bandalagsins til að bóka kynningu eða ræða málin

AURORA BANDALAGIÐ - STAÐA MÁLA



AURORA
EUROPEAN UNIVERSITIES
ALLIANCE

AURORA

SPRING ACADEMIC

EVENT



30th March 2021



Gatherly





MANNAUÐSMÁL






Framkvæmd og heimtur

- Könnun á starfsumhverfi HÍ lögð fyrir allt fastráðið starfsfólk í fimmta sinn
- Gagnaöflun
 - 1. desember 2020 til 18. janúar 2021
 - Netkönnun
- Svarhlutfall: 64%
- Gögn voru vigtuð eftir deildum og starfseiningum


	Fjöldi svara	Hlutfall svarenda
Akademískur starfsmaður	371	42%
Aðjunkt	57	6%
Í stjórnslu, tæknistörfum eða við rannsóknir	394	45%
Nýdóktor (Post-doc)	57	6%
Samtals	879	100%

Svarhlutföll






Meðaltal á þáttum starfsumhverfis á kvarðanum 1-5






Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú í starfi þínu?






Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með störf deildarforseta/næsta yfirmanns?






Telur þú að stoðþjónusta við styrkumsóknir í samkeppnissjóði, einkaleyfaumsóknir og hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna sé nægjanleg fyrir þig eða hefðir þú þörf fyrir meiri þjónustu á því sviði?





Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með stjórnun Háskóla Íslands almennt?





- Jákvæð þróun allra þátta starfsumhverfis HÍ
- Almenn starfsánægja hefur aukist
- Ánægja með deildarforseta / næsta yfirmann jókst
- Ánægja með stjórnun HÍ almennt hefur aukist talsvert
- Dregið hefur verulega úr óánægju með launakjör



- **Álag og streita í starfi er umtalsvert umkvörtunarefni meðal starfsfólks**
 - Ekki hefur tekist að draga úr álagi og streitu meðal starfsfólks
 - Hlutfallslega fleiri í hópi akademískra starfsmanna búa við viðvarandi álag og streitu í starfi en gerist og gengur meðal starfsfólks í stjórnslu
 - Álag og streita hefur aukist á meðal starfsfólks í stjórnslu, tæknistörfum eða við rannsóknir
- **Meðal akademíks starfsfólks virðast konur alla jafna koma verr út en karlar á nokkrum þáttum starfsumhverfis**
 - Þær finna fyrir töluvert meira álagi og streitu
 - Þær finna fyrir minna sjálfræði og áhrifum í starfi
 - Einnig hafa þær neikvæðara viðhorf til upplýsingamiðlunar
- **Innan við helmingur akademíks starfsfólk hefur farið í starfsmannasamtal undangengin tvö ár samanborið við þrjá af hverjum fjórum í stjórnslu**
 - Langflestir (82%) telja mikilvægt að haldin séu reglubundin starfsmannasamtöl



- Félagssvísindastofnun

Helgi Guðmundsson, verkefnastjóri *heg@hi.is*

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður *gudbjorg@hi.is*

- Mannauðssvið

Ragnhildur Ísaksdóttir, sviðsstjóri mannauðssviðs *ragnhildurisaks@hi.is*

Jónína Helga Ólafsdóttir, verkefnisstjóri *jho@hi.is*



HÚSNÆÐIS- OG SKIPULAGSMÁL





- Verið að skoða möguleikann á því að Háskóli Íslands fái Hótel Sögu
- Einstakt tækifæri, m.a. til að leysa húsnæðismál Menntavísindasviðs

FRAMTÍÐARHÚSNÆÐI FYRIR MENNTAVÍSINDASVIÐ



- Frumdragaskýrsla um Borgarlínuna komin út
- Sterk tenging við Háskóla Íslands – gert ráð fyrir þremur stoppistöðvum á háskólasvæðinu
- Áfram unnið að mótun nýs rammaskipulags háskólasvæðisins á vettvangi skipulagsnefndar háskólaráðs
- Staða vinnunnar kynnt á þessu vormisseri



VINNA VIÐ NÝTT HEILDARSKIPULAG HÁSKÓLASVÆÐISINS





- Gróska hýsir öflug fyrirtæki á borð við CCP, fjármálaklasann og Brandenburg auglýsingastofu
- Mýrin – nýsköpunarsetur sem hýsir frumkvöðla- og sprotafyrirtæki
- Líkamsræktaraðstaða (World Class) komin og mathöll væntanleg
- Höfuðáhersla á að skapa aðstæður til samskipta og tengsla, hvort sem það er innan hússins eða við fræðasamfélag háskólasvæðisins



GRÓSKA



■ Mýrin – sprota- og frumkvöðlasetur Vísindagarða HÍ

- Hefur tekið til starfa en þar má finna aðsetur fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki á fyrstu sigum nýsköpunar auk helstu stuðningsaðila nýsköpunar á landinu, Icelandic Startups, Auðnu-tæknitorg, Hönnunarmiðstöð auk fleiri
- Nemendur og starfsfólk getur sótt um aðstöðu í setrinu og er borðum úthlutað þrisvar á ári af Vísinda- og nýsköpunarsviði HÍ og Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs

■ Vísinda- og nýsköpunarverðlaun HÍ

- Umsóknarfrestur er 21. mars 2021
- Samanlagt verðlaunafé yfir sex milljónir króna



ALVOTECH II



NÝR LANDSPÍTALI OG HEILBRIGÐISVÍSINDAHÚS





HÚS ÍSLENSKUNNAR



STÚDENTAGARÐUR VIÐ GAMLA-GARÐ



AF VETTVANGI FRÆÐASVIÐANNA





- Viðbrögð við vatnsflóði – þjónustuborð sett upp í Odda 205. Megináhersla að halda óskertri þjónustu við kennara og nemendur
- FVS langt komið með innleiðingu grænna skrefa
- Unnið að umbótum á sviði rafrænna vinnubragða og skjalamála
- Samningur við Félagsmálaráðuneytið um rannsóknir á fæðingarorlofi
- [Gagnis](#). Frelsun gagna sem safnað er fyrir opinbert fé. (Gögn aðgengileg ekki aðeins fyrir þá sem safna þeim)



FRÁ FÉLAGSVÍSINDASVIÐI



- Nýr samningur við Embætti landlæknis um rekstur Heilsubrunns innan Heilbrigðisvísindastofnunar
- Í des. undirrituðu forsetar Læknadeildar og Lyfjafræðideildar samning um rekstur massageiningarkjarna á Heilbrigðisvísindastofnun
- Opnuð hefur verið Móttaka klínískra rannsókna á Heilbrigðisvísindastofnun
- 800 nemendur voru skráðir á heilbrigðisvísindadaginn í byrjun janúar sl, sem er sameiginlegt inngangsnámskeið í þverfræðilegri samvinnu fyrir nýnema allra deilda á HVS



FRÁ HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐI



- Sumarliði Ísleifsson hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðiritna og bóka almenns eðlis fyrir ritið *Í fjarska norðursins – Ísland og Grænland – viðhorfasaga í þúsund ár*. Einnig var tilnefnd bókina *Konur sem kjósa* – meðal höfunda eru Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir
- Bergljót Kristjánsdóttir, er tilnefnd til verðlauna Hagbenkis fyrir bókina *Fræðaskjóða. Bókmenntafræði fyrir forvitna*
- Fjöldi styrkja hefur komið í hlut hugvísinda að undanfögnu
- COVID-19 hefur ekki dregið úr áhuga erlendra nema á námi við HUG og voru umsóknir 650



FRÁ HUGVÍSINDASVIÐI

- 235 nýnemar hófu nám við MVS um síðustu áramót sem er metfjöldi
- Nemendum hefur fjölgað um 40% á síðustu tveimur árum
- Meðal 105 brautskráðra kandídata frá MVS nú í febrúar voru fyrstu nemendur skólans sem brautskrást af nýjum Master of Teaching námsleiðum
- Rannsakendur á MVS stýra þremur nýjum Erasmus+ samstarfsverkefnum sem hlutu á dögnum veglega styrki, alls ríflega 100 m.kr.
- Yfir þrjátíu sérnámslæknar sóttu handleiðaranámskeið í húsnæði MVS á dögnum. Námskeiðið byggir á teymisvinnu kennslufræðinga á MVS og HVS og lækna og miðar að því að þjálfa sérnámslækna í aðferðum starfstengdrar leiðsagnar og handleiðslu
- Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir hlutu fálkaorðuna á nýársdag



FRÁ MENNTAVÍSINDASVIÐI

- 21. des.: Úthlutun úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar
 - Ingvar Þóroddsson, BS-nemi rafmagns- og tölvuverkfræði, hlaut styrk fyrir afburðaárangur í verkfræði
- 20. jan.: Þrír nemendur í iðnaðarverkfræði hlutu nýsköpunarverðlaun Forseta Íslands
 - Ari Kvaran, Sunneva Sól Ívarsdóttir og Þórdís Rögn Jónsdóttir frá HÍ og Ísól Sigurðardóttir frá HR
- 3. feb.: Vísindagrein í stjarnfræði hlaut þriðju verðlaun Buchalter Cosmology Prize
 - Jesús Zavala Franco, dósent í stjarnfræði við Raunvísindadeild einn af höfundum greinarinnar „First Star-Forming Structures in Fuzzy Cosmic Filaments“ sem birtist í vísindatímaritinu Physical Review Letters á síðasta ári
- 6. feb.: Stafræn heimsókn í Háskóla Íslands á UTmessu
 - Útsending á vef HÍ þar sem rætt var við starfsfólk og nemendur, rannsóknastofur, aðstaða og tæki skoðuð. Fróðleikur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna
- 16. mars: Nýsköpunarmót Álklasans
 - Sameiginlegur viðburður HÍ, HR, Samál, Samtaka iðnaðarins og Álklasans. M.a. veitt hvatningaverðlaun til nemenda sem vinna að verkefnum tengdum áli



FRÁ VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐI



- Háskóli Íslands 110 ára 17. júní 2021
- Verður minnst á árinu



HÁSKÓLI ÍSLANDS 110 ÁRA

